



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

33. fundur, fimmtudaginn 27. janúar 2011, kl. 17:00-20:30 á Hótel Óðinsvéum, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Línadal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kjartan Ólafsson (erlendis), Kristín Huld Sigurðardóttir (erlendis) og Sveinbjörn Björnsson (komst ekki).

Lagt fram á fundi: 1) Viðbrögð verkefnisstjórnar við athugasemdum sem bárust í kjölfar kynninga á niðurstöðum faghópa vorið 2010 (drög 3), áður útsent, sjá lið 1 á dagskrá; 2) Svör faghóps I við athugasemdum sem bárust eftir opið kynningarferli á niðurstöðum faghópa 2. áfanga rammaáætlunar 8. mars – 3. maí 2010, áður útsent, sjá lið 2 á dagskrá; 3) Orðsending til verkefnisstjórnar og faghóps I frá Agnari Olsen, sjá lið 2 á dagskrá.

Lagt fram eftir fund: Afrit af bréfi Landsvirkjunar til verkefnisstjórnar, b.t. Tómasar Tómassonar dags. 30. apríl 2009, sjá umræðu undir lið 2.

Fundarfrásögn

1. Viðbrögð verkefnisstjórnar við umsögnum úr kynningarferli.

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún kvað athugasemdir enn vera að berast við plaggi sínu, hún hefði t.d. fengið athugasemdir frá Friðriki Degi sem bæri að athuga í tengslum við svör faghóps I. Hún kvað það vera gott, ef hægt væri að hafa sátt um viðbrögð verkefnisstjórnar við umsögnum úr kynningarferlinu, þótt aldrei yrðu allir ánægðir.

Anna taldi hluta af því sem beðið væri um óvinnandi verk. Virkjunarhugmyndir væru misþróaðar og athugasemdir sýndu hve væntingar eru miklar. Margt væri ekki í mannlegum mætti miðað við þau gögn sem fyrir liggja. Sjálfbærni væri einnig of stórt mál.

Svanfríður kvað okkur þröngan stakk skorinn út frá því sem fyrirbyggjandi rannsóknir og gögn leyfðu. Þetta atriði væri rétt að kæmi skýrt fram.

Stefán sagði verkið ekki gerlegt miðað við þær upplýsingar sem lægu fyrir.

Guðni benti á að um væri að ræða skipulagsvinnu, við værum ekki á hönnunarstigi. Á því stigi mætti vel gefa sér forsendur, þó að frekari rannsóknir eða gögn skorti.

Friðrik Dagur kvaðst hafa áhyggjur af svörum við athugasemdunum. Rannsókn vantaði á samfélagslegum áhrifum, sem væri þáttur í sjálfbærnimati. Skýringar frá faghópi III þurfi því að vera ítarlegar.

Kristín Linda og Svanfríður bentu á að athugun á samfélagsáhrifum hveirrar virkjunarhugmyndar yrði nauðsynleg þegar þar að kæmi. Einnig kvað **Svanfríður** faghóp III í 1. áfanga rammaáætlunar hafa náð mjög skammt á þessu sviði, faghópur III í 2. áfanga hefði þróað efnið áleiðis.

Guðni sagði faghópur III ekki taka afstöðu til þess hvort stóriðja væri góð eða vond, en Kjartan Ólafsson hefði brugðist við spurningum í þá átt og tekið fyrir almenn áhrif og hvað skilur á milli virkjana. Þjóðfélagsbreytingar væru hins vegar ekki teknar með að þessu sinni.

Svanfríður kvað nauðsynlegt af hafa gott samstarf við Kjartan til að koma þessum atriðum að í viðbrögðum faghóps III við umsögnum og jafnframt í almennum atriðum í skýrslu verkefnisstjórnar.

Anna sagði ekki hægt að meta samfélagsleg áhrif meðan verið væri að raða virkjunarhugmyndum. Byggðarannsóknir væru af hinu góða, en þær hefðu ekki verið á dagskrá hér. Verkefnið væri líka stærra en hægt væri að ætlast til af hópi af þessu tagi.

Þóra Ellen boðaði að hún myndi gera athugasemdir við umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Veiðimálastofnunar.

Guðni benti á að Kjartan hefði verið byrjaður með klasamyndir sem sýndu að vandinn væri ekki stór varðandi röðunina. Rétt væri að hann þróaði þessar athuganir sínar áfram.

Svanfríður sagði rétt að ræða málið nánar við Kjartan.

Friðrik Dagur sagði að hægt hefði verið að gera meira, en ákveðið hefði verið að vera á almennum nótum. Jafnframt benti hann á að svara þyrfti athugasemdum varðandi Heimsminjaskrána. Fleiri atriði tiltók Friðrik Dagur, sem koma fram í útsendum athugasemdum hans. M.a. benti hann á að náttúrusvæði í nánd við höfuðborgina fái lágt mat. Að lokum lagði Friðrik Dagur áherslu á að verkefnisstjórn svaraði almennum athugasemdum sem faghópur I tæki ekki til sín sérstaklega.

Stefán taldi mikilvægt að hugsa innganginn að skýrslu verkefnisstjórnar út frá því að sviðið sé vel skilgreint og því lýst. Hann benti á að ekki væri hægt að koma með kjörlausn, um yrði að ræða raunlausn á verkefninu.

Þóra Ellen kvað spurninguna um Heimsminjaskrána ekki hafa komið inn á mat faghóps I, faghópurinn hefði ekki ætlað sér upp á eigin spýtur að ákveða hvað væri alþjóðlega mikilvægt. Faghópur I hefði verið gagnrýndur fyrir að meta háhitasvæði á SV-horninu of lágt en faghópurinn gengi almennt út frá þeim forsendum að óröskuð svæði væru meira virði en röskuð. Einnig þyrfti að hafa í huga að raflínur þyrfti að leggja um styttri leið þar en víðast annars staðar sem einnig hefur áhrif á matið.

Friðrik Dagur sagði þetta vel útskýrt hjá faghópi I, en verkefnisstjórn þyrfti að svara því hvort hér væri um kerfisbundna skekkju að ræða.

Kristín Linda sagði það fyrirsjáanlegt hvaða áhrif röskun hefði og því hefði Umhverfisstofnun verið gagnrýnin á að raska stórum og áður óröskuðum svæðum.

Guðni benti á að landeigendur þyrftu ekki rannsóknaleyfi og hefðu leyfi til rannsókna á eigin landi. Röskun stoppaðist því annars staðar en við rannsóknaleyfið.

Kristín Linda sagði það rétt vera, röskun væri metin þegar framkvæmdaleyfi færi í umhverfismat.

Svanfríður sagði ekki hægt að ljúka við fyrirbyggjandi drög fyrir en viðbrögð væru komin frá öllum faghópunum. Óskaði hún eftir athugasemdum og ábendingum varðandi plaggið, sem rétt væri að senda í afriti til allra.

Björg Eva sagðist hafa athugasemdir, sem hún ætlaði að slípa betur áður en hún sendi þær út.

Að lokum var lögð áhersla á það, að almennu atriðin ættu heima í skýrslu verkefnisstjórnar, en faghóparnir gerðu sínar athugasemdir um það sértæka.

2. Viðbrögð faghóps I við umsögnum úr kynningarferli.

Farið var yfir svör faghóps I og gerði **Þóra Ellen** grein fyrir þeim. Hún hélt jafnframt utan um mögulegar breytingar á plagginu, og eru þær því utan við svið þessarar fundargerðar. Hún kvað Sveinbjörn Björnsson hafa farið yfir það og komið með tillögu um fyllri inngang.

Agnar lagði fram orðsendingu til verkefnisstjórnar og faghóps I dags. 27. jan. 2011, og er hún í fylgiskjali með fundargerðinni. Umræða spannst um skil á nýjum gögnum frá Landsvirkjun um landhæð og aðrar aðstæður vegna Norðlingaölduveitu. Í tilefni af þeirri umræðu sendi Agnar eftir fundinn afrit af bréfi Landsvirkjunar til Rammaáætlunar dags. 9. apríl 2009, og er það einnig fylgiskjal með fundargerðinni.

3. Önnur mál

- a) Bent var á að fjalla þyrfti sérstaklega um jarðskjálftahættu í samhengi við hinar ýmsu virkjunarhugmyndir, og væri það efni í almenna umfjöllun verkefnisstjórnar.
- b) Fram kom að í fundargerðum kynningarfunda væri að finna svör við mörgum þeim álitamálum sem rædd hafa verið. Þær hefðu ekki verið birtar opinberlega, þar sem leita þyrfti heimildar til að vitna á ákveðnar persónur. Þetta mætti hins vegar leysa með því að setja „fyrirspyrjandi“ eða „fyrirspurn“ í stað nafns viðkomandi. Samþykkt var að birta fundargerðirnar á opnum vef eftir þessa meðhöndlun á þeim.
- c) Rætt var um mögulegt misvægi milli virkjunarhugmynda við það það fá ýmist eina eða tvær umferðir af umfjöllun í faghópum, án þess að komist væri að niðurstöðu.

Kristinn Einarsson